

Har. *Birgir* Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 13. júlí 2015
UST201506-130/H.G.G.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag frístundahúss í landi Efra-sels, Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag frístundahúss í landi Efra-sels, landnr. 222958, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagstillagan felur í sér að á lóð Efra-sels verði afmarkaður 3,7 ha byggingarreitur þar sem heimilt verði að reisa þrjár byggingar; frístundahús og tvö gestahús eða geymslu.

Skipulagssvæðið

Fram kemur í greinargerð að skipulagssvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Ennfremur kemur fram að heimilt er að byggja allt að þrjú frístundahús á bújörð utan skilgreindra frístundasvæða.

Veitur


Umhverfisstofnun telur umfjöllun um veitur fullnægjandi.


Náttúruminjar

Á ofangreindu svæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og ekki jarðmyndanir og vistkerfi er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllt


Hrönn G. Guðmundsdóttir
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur